



Skýrsla stjórnar fyrir árið 2001

Starf stjórnar 2001

Setrið tók til starfa á grunni bókana í kjarasamningum árið 2001 milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins annars vegar og SFR, StRv, KJARNA og Samflots sex bæjarstarfsmannafélaga hins vegar, og var stjórn þess skipuð. Fyrir hönd fjármálaráðuneytisins voru þeir Guðmundur H. Guðmundsson og Ásgeir M. Kristinsson skipaðir. Varamenn þeirra eru Ásta Lára Leósdóttir og Sonja María Hreiðarsdóttir. Fyrir hönd stéttarfélaganna voru þau Árni St. Jónsson og Arna Jakobína Björnsdóttir skipuð. Varamenn þeirra eru Jóhanna Þórdórsdóttir og Jakobína Þórðardóttir.

Stjórnin skipti með sér verkum og er Árni St. Jónsson formaður stjórnar og Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður. Aðrir meðlimir stjórnar eru meðstjórnendur. Stjórnin réð Þórarín Eyfjörð sem framkvæmdastjóra setursins.

Stefnumótun

Stjórnin hélt starfsdag þann 16. nóvember 2001 þar sem farið var í stefnumótunarvinnu fyrir setrið. Var víða borið niður í þeirri vinnu og snert á mörgum hliðum þeirra verkefna sem bíða setursins. Í framhaldi starfsdagsins var ákveðið að vinna að stefnumörkun á grunni þeirra hugmynda sem fram komu og gera áætlanir ráð fyrir því að stefnumótun setursins verði tilbúin á vordögum 2002.

Námskeið 2001

Starfsmennt rak eitt námskeið á árinu. Það var Rekspölur II sem haldið var í vetrarbyrjun (6 námskeið á tímabilinu 1/10 – 24/11 2001). Var samið við Fræðsluver GG um framkvæmd námskeiðanna og tókst verkefnið vel í alla staði.

Stjórn Starfsmenntar ákvað að setrið stæði fyrir samskonar námskeiði í byrjun árs 2002. Ákveðið var að halda námskeiðið níu sinnum, sex sinnum í Reykjavík, tvisvar á Akureyri og einu sinni á Selfossi. Einnig var ákveðið að setrið tæki við rekstrið framhaldsnámskeiðs fyrir stuðningsfulltrúa í byrjun árs 2002.

Fræðslu- og kynningarfundir

Á árinu var fjallað um nauðsyn þess að setrið kæmi sér upp aðferðum til að meta náms- og þekkingarþörf innan stofnana og meðal starfsmannahópa. Ákveðið var að kanna meðal fræðslu- og starfsmannastjóra hvaða aðferðir væru notaðar innan stofnana almennt og í framhaldi þess halda vinnufund með fyrrgreindum aðilum. Á þann fund skyldi einnig boðið nokkrum aðilum er hafa boðið þjónustu við greiningu af umræddu tagi. Ákveðið var að halda fundinn í janúar 2002.